

Miðvikudaginn 24. maí 1995.

Nr. 69/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Birni Ingiberg Kristjánssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað heim til nýrrar meðferðar. Til þrautavara krefst hann þess, að refsing verði milduð og hún skil-orðsbundin. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu með stefnu 17. febrúar 1995 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Í greinargerð ákærvaldsins er ómerkingarkröfu ákærða andmælt, krafist staðfestingar héraðsdóms og fallist á málavaxtalýsingu hans og röksemdir fyrir niðurstöðu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Jóns Bjarna Þorsteins-sonar læknis 16. maí 1995.

Í málinu er ákærði sakaður um að hafa haft ólögmæt afskipti af tveimur sex ára stúlkubörnum. Telur verjandi hans, að nauðsyn hafi borið til þess, að börnin kæmu fyrir dóm, og styður ómerkingar-kröfu ákærða þeim rökum. Í máli þessu liggur fyrir myndbands-upptaka af framburði barnanna fyrir rannsóknarlögreglu. Verjandi ákærða í héraði var viðstaddur þá yfirheyrslu og átti þess kost að koma á framfæri athugasemdum og spurningum til vitnanna. Við aðalmeðferð málsins lýsti hann yfir því fyrir hönd ákærða, að þess væri ekki krafist, að stúlkurnar yrðu yfirheyrðar fyrir dómi. Aðal-steininn Sigfússon sálfræðingur skoðaði myndböndin að tilhlutan héraðsdómara og mat trúverðugleika framburðar stúlkanna. Hæsta-réttardómarar hafa skoðað upptökurnar. Það er álit Hæstaréttar, að aðferðir rannsóknarlögreglu við yfirheyrslurnar séu vandaðar og engin rök séu fyrir ómerkingarkröfu ákærða.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um sök ákærða með tilvísun til forsendna dóms hans. Varðar brotið við síðari málslið 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, en það ákvæði tæmir sök gagnvart 66. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Refsiákvörðun héraðsdóms er staðfest með vísan til forsendna hans fyrir þeirri niðurstöðu og til vottorðs Jóns Bjarna Þorsteinssonar lækni um heilsufar ákærða.

Fallist er á ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Björn Ingiberg Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 25. janúar 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 25. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-392/1994: Ákærvaldið gegn Birni Ingiberg Kristjánssyni, sem dómtekið var 22. desember sl.

Málið er með ákæru, dags. 11. október sl., höfðað gegn Birni Ingiberg Kristjánssyni, Bröttukinn 7, Hafnarfirði, kt. 120133-4709, fyrir kynferðisbrot með því að hafa föstudagskvöldið 15. júlí 1994 á heimili sínu að Bröttukinn 7, Hafnarfirði, sýnt tveimur stúlkubörnum kynferðislega áreitni með því að draga buxur og nærbuxur telpunnar X, fæddrar 1988, niður á ökkla og sleikt á henni kynfærin og kysst telpuna Y, fædda 1987, á munninn með blautum vörum og knúsað hana tvisvar.

Telst þetta varða við 202. gr., 1. mgr. i. f., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 40/1992 og 66. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

ASM gerir þá kröfu fyrir hönd dóttur sinnar, X, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 750.000 kr. í miskabætur ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 25. júlí 1994 til greiðsludags.

HHV gerir þá kröfu fyrir hönd dóttur sinnar, Y, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 750.000 kr. í miskabætur ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 25. júlí 1994 til greiðsludags.

— — —

Niðurstöður.

Framburður telpnanna X og Y er mjög samhljóða um þau atriði, sem þær geta borið saman um. Þá ber framburði þeirra að mörgu leyti saman við framburð ákærða, þar til kemur að atriðum í framburði þeirra, sem metin gætu verið honum í óhag. Þá kemur frásögn hjá ákærða, sem stangast á við framburð telpnanna. Þó að framburður telpnanna annars vegar og framburður ákærða hins vegar geti hvor um sig staðist, er ýmislegt í framburði ákærða, sem er heldur ólíklegt. Þannig segir ákærði, að telpurnar hafi boðist til að fylgja sér heim af leikvellingum, og gefur sér, að það hafi verið af því, að þeim hafi þótt hann veiklulegur, en mun líklegra, að hann hafi vakið áhuga þeirra á að fara með sér með öðrum hætti, t. d. með því að tala um ketti í námunda við heimili sitt, svo sem þær halda fram. Sá framburður ákærða, að telpan X hafi viljað vera eftir hjá honum, meðan hin fór út í „sjoppu“, af því að hún ætlaði að laga sig til á meðan, er nokkuð ósennilegur af sex ára barni að vera og líklegra, að það hafi tekið rökum hans um að vera eftir honum til samlætis. Þá heldur ákærði því fram, að hann hafi fylgt telpunni Y til dyra og hún og telpan X hjólað saman frá honum og þá engin önnur telpa verið þar fyrir utan. Þetta er gagnstætt framburði telpnanna um, að telpan Y hafi verið inni í húsinu hjá ákærða, er hin telpan hjólaði þaðan með systur sinni, en sá framburður fær stoð í framburði systur X, og þykir framburður ákærða, þegar hann er virtur í þessu samhengi, ekki fá staðist. Sá framburður ákærða, að hlerinn yfir stigaopinu hafi oftast verið lokaður og þ. á m. í framangreint sinn, fær ekki stoð í framburði konu hans, né hefur honum tekist að sýna fram á, að í greint sinn hafi hann ekki getað átt bjór í ísskápnum uppi í eldhúsi, en ekki er ólíklegt miðað við, að hann átti erfitt um gang, að hann hafi látið telpurnar spara fyrir sig sporin upp stigann til að sækja fyrir sig bjór. Ákærði heldur því hins vegar fram, að hann sé vanur að ganga upp tröppur heima hjá sér, en fari varlega, þegar hann verði að fara þær, og fari því iðulega með barnabörn sín upp og niður tröppurnar á leikvellingum. Ljóst er því, að ákærði fer stigann milli hæða í húsinu, ef hann þarf þess, þó að hann sé frekar brattur og dálítið erfiður fyrir börn. Það þykir því geta staðist, að telpurnar hafi farið um stigann að sækja bjór fyrir ákærða, og einnig, að hann hafi farið um hann upp á efri hæðina, eftir að telpan X fór út. En það fær enga stoð í framburði telpn-

anna, að hann hafi farið út til að fara milli hæða, sem hefði sennilega verið léttara fyrir hann, en ekki verður séð, að þær hafi haft neina ástæðu til að draga það undan í frásögn sinni.

Fallast má á það með verjanda, að því er ábótavant við rannsókn málsins, að telpan X skyldi ekki vera látin fara í læknisrannsókn í beinu framhaldi af því, að kæran kom fram, en menjar um munnvatn ákærða, ef fundist hefðu við rannsókn á klofi telpunnar X og einnig ef áverkar hefðu verið á fótum hennar, þar sem hann á að hafa klemmt þá saman með fótum sínum, hefði verið til að styrkja framburð þeirra.

Þó að ákærði hafi staðfastlega neitað að hafa áreitt telpurnar, eins og hann er sakaður um, verður samt að meta sönnunargildi framburðar hans í ljósi þess, sem að framan er rakið um ósennileika hans, og hins vegar liggur fyrir álitsgerð sálfræðingsins Aðalsteins Sigfússonar, sem telur mjög líklegt, að frásögn telpnanna sé trúverðug, og ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til neinnar ástæðu hjá þeim til að skýra rangt frá eða ýkja um framferði ákærða.

Viðbrögð telpnanna, er þær koma heim til sín umrætt kvöld, önnur grátandi og miður sín og hin skrítn og óvenjuleg í framkomu og kvartandi um magaverk, sem var venja hennar, ef hún var undir andlegu álagi, samræmist því, að þær hafi orðið fyrir þeirri reynslu, sem þær halda fram. Þykir í málinu verða að leggja framburð þeirra, eins og hann er staðfestur af vitnum hér fyrir dómi, til grundvallar í málinu, en auk neitunar ákærða er ekkert fram komið, sem rýri hann í verulegum atriðum, en það þykir auka á vægi hans, að skýrslan er tekin af telpunum og vitnunum mjög stuttu eftir, að atvikin gerðust. Þegar vætti vitna og önnur rannsóknargögn í málinu eru virt í heild, þykir vera komin lögfyll sönnun um, að ákærði hafi sýnt telpunum X og Y þá kynferðislegu áreitni, sem hann er sakaður um í ákæru. Ekki liggur fyrir nákvæm lýsing frá telpunni X, með hvaða hætti hann á að hafa sleikt hana í klofið, og þykir verða að meta það þannig, að hann hafi einungis sleikt hana í klofið á kynfærin utanverð og það hafi varað stutt.

Með þessum verknuðum hefur ákærði gerst brotlegur við þau refsiskvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

Sakarferill ákærða er samkvæmt sakavottorði þannig, að við hann hefur tvívegis verið gerð sátt í sakadómi Reykjavíkur:

1967 14. júlí kr. 200 Sekt f. brot gegn 15. og 56. gr. umferðarlaga.

1990 14. febrúar kr. 5.000 Sekt f. brot gegn 106. gr. alm. hegningarlaga.

Vegna veikinda ákærða er um mikla lyfjanotkun að ræða hjá honum, og er ekki útilokað, að hún ásamt einhverri áfengisnotkun hafi haft sljóvgandi áhrif á ákærða.

Refsing ákærða þykir miðað við það, hver atvik eru að þessu máli, og með hliðsjón af 57. gr. a og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði sæti fangelsi í 7 mánuði, en rétt þykir miðað við hagi ákærða og að hann hefur ekki áður hlotið dóm fyrir alvarlegt hegningarlagabrot, að fresta fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og niður falli hún að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 1. júlí til 21. júlí 1994 komi til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Bótakröfum í málinu er mótmælt af hálfu ákærða sem allt of háum. Í álitsgerð Aðalsteins Sigfússonar sálfræðings kemur fram, að ekki sé merkjanlegt, að telpurnar hafi upplifað áreitið sem alvarlegt sálrænt áfall, og því ólíklegt, að þær beri skaða af, sé litið til framtíðar. Engu að síður má búast við, að þessi reynsla telpnanna geti valdið þeim einhverjum óþægindum og komið fram síðar í hegðunarvandræðum. Þykir mega meta miskabætur til ASM vegna dóttur sinnar, X, hæfilegar 150.000 kr. og til HHV vegna dóttur sinnar, Y, 100.000 kr., og er vaxtakrafa bótakrefjanda tekin til greina, svo sem nánar er lýst í dómsorði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rkissjóð, sem ákveðast 80.000 kr., og málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun til verjanda ákærða, Óskars Thorarensen hdl., sem ákveðast 140.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Smátöf hefur orðið á dómsuppsögu vegna veikindaforfalla og anna dóm-arans o. fl., en málflutningur var hljóðritaður.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Björn Ingiberg Kristjánsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fresta skal fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 17. júlí til 21. júlí 1994 komi til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði ASM fyrir hönd ólögráða dóttur hennar, X, 150.000 kr.

Ákærði greiði HHV fyrir hönd ólögráða dóttur hennar, Y, 100.000 kr.

Bótafjárhæðirnar beri dráttarvexti samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. júlí 1994 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknar-
laun í ríkissjóð, 80.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,
Óskars Thorarensen hdl., 140.000 kr. auk virðisaukaskatts.
